


Þóra Kristinsdóttir

# ÍSLAND

Landið okkar



**Orðskýringar og verkefni**

## Bls. 4 – 5

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Lýðveldi	Þar sem landi er stjórnað af þjóðhöfðingja sem er kosinn af þjóðinni til ákveðins tíma.	
Þjóðhöfðingi	t.d forseti, kóngur eða drottning	
Þjóðfáni	Fáni landsins	

### Spurningar:

Hvar býr forseti Íslands? \_\_\_\_\_

Hvernig er þjóðfáni Íslands? \_\_\_\_\_

## Bls. 6 - 7

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Hálent	Mikið af fjöllum	
Jöklar	Þykkur snjór sem bráðnar ekki á sumrin, yfirleitt á fjalli	
Víða	Á mörgum stöðum	
Fjörður	Langur vogur inn í land með fjöll á báða vegu.	
Flói	Mjög breiður fjörður	
Vík	Lítill skora inn í land	
Vogur	Lítill fjörður en slétt land til beggja hliða	
Vogskorin	Mikið af vogum, víkum og fjörðum	
Sendin	Mjög mikið af sandi	
Umhverfis	Utan um, hringinn í kringum..	
Auðug fiskimið	Mikið af fiski í sjónum til að veiða	
Afli	Allur fiskurinn sem er veiddur	

**Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Það er sjór \_\_\_\_\_

Á sumum hæstu \_\_\_\_\_

**Bls. 8 – 9**

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Veðráttta	veðurfar	
Suðlægari	Sunnar á hnettinum	
Hafstraumur	Straumur sem hafið flytur með sér	
Golfstraumur	Hlýr hafstraumur sem kemur úr suðri	
Hafís	Ísjakar í hafinu	
hvítabjörn	Ísbjörn sem lifir á norðurslóðum	

Hvers vegna halda margir að hér sé mjög kalt? \_\_\_\_\_

Hvað kemur einstaka sinnum með hafísnum til Íslands? \_\_\_\_\_

**Bls. 10 – 11**

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Hálendi	Landsvæði sem er hátt yfir sjávarmáli	
Láglendi	Landsvæði sem er lágt yfir sjávarmáli	

Hvað heitir hæsta fjallið á Íslandi? \_\_\_\_\_

Hvað er það hátt? \_\_\_\_\_

Hvernig gróður er á hálendinu? \_\_\_\_\_

Hvað heitir stærsti jökullinn á Íslandi? \_\_\_\_\_

Hvernig myndast jöklar? \_\_\_\_\_

Hvað þarf að passa ef maður ætlar að fara upp á jökul? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

### Bls. 12 – 13

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Eldgos	Þegar góandi eldkvika springur út úr jörðinni	
Hraunkvika	Bráðið berg	
Hraun	Storknað berg	
Aska	Örsmátt ryk sem myndast þegar eitthvað efni brennur	
Öskufall	Þegar askan fellur til jarðar úr öskustrók	
Eiturloft	Loftegurndir sem eru eitraðar	
Tjón	Skemmdir, eyðilegging	

Hvernig myndaðist Ísland? \_\_\_\_\_

Hvað er landið oft kallað? \_\_\_\_\_

Nefndu 3 þekkt eldfjöll: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvernig valda eldgos tjóni? \_\_\_\_\_

Hvað heitir nýjasta eyjan við Vestmannaeyjar? \_\_\_\_\_

Hvenær myndaðist hún? \_\_\_\_\_

**Finndu setninguna í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Ísland hefur \_\_\_\_\_

## Bls. 14 - 15

Hvenær fór að gjósa á Heimaey? \_\_\_\_\_

Hvað bjuggu margir í Heimaey þá? \_\_\_\_\_

Hvað gerðist við gosið í Eyjafjallajökli árið 2010? \_\_\_\_\_


Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:

Þegar gosinu lauk \_\_\_\_\_

Saga Íslands \_\_\_\_\_

## Bls. 16 - 17

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Jarðskjálfti	Jörðin hristist þegar flekar undir yfirborði jarðar rekast saman	
Jarðskorpa	Ysta lag jarðarinnar	
Steinsteypa	Efni sem hús eru byggð úr	
Hverir	Heitt vatn sem kemur úr jörðinni	



Mynd sem sýnir gerð jarðarinnar með tölum til hliðsjónar

heimild: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=59157#>

Úr hverju eru flest hús á Íslandi byggð? \_\_\_\_\_

Hvar urðu jarðskjálftar árin 2000 og 2008? \_\_\_\_\_

Hvað heitir frægasti hver á Íslandi? \_\_\_\_\_

### Bls. 18 – 19

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Jarðhiti	Hiti ofan í jörðinni	
Jarðhitagufa	Gufa sem kemur af heitu vatni ofan í jörðinni	
Borholur	Mjög djúp hola sem boruð er ofan í jörðina til að finna jarðhita eða vatn	
Gróðurhús	Hús úr gleri sem notuð eru til að rækta grænmeti og blóm	

Nefndu 3 tegundir af grænmeti sem hægt er að rækta í gróðurhúsi: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað er hægt að gera á Hveravöllum? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Heita vatnið er \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Á Íslandi er \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Raðaðu orðunum svo þau myndi rétta setningu:**

degi fara í á árið. hverjum sund allt Margir

\_\_\_\_\_

## Bls. 20 – 21

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Bratti	Mikill halli, brött brekka	
Fuglalíf	Þar sem eru margir fuglar	
Jökulá	Á sem kemur frá jökli	
Framleiða	Búa til	
Virkjun	Þar sem rafmagn er búið til	

Hvað heitir einn fegursti foss á Íslandi? \_\_\_\_\_

Hvaða fiskar eru í ánum? \_\_\_\_\_

Hvar er stærsta virkjunin? \_\_\_\_\_

Hvaðan kemur vatnið í hana ? \_\_\_\_\_

**Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Flestar ár \_\_\_\_\_

Á Mývatni \_\_\_\_\_

Rafmagnið er notað \_\_\_\_\_

## Bls. 22 – 23

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Landnámsmenn	Þeir sem komu fyrstir og settust að á Íslandi ca. árið 870	
Jarðvegur	Mold, sandur, efni sem rætur plantna geta fest sig í og fengið næringu	
Jarðvegseyðing	eyðing lausra jarðvegsefna af völdum vinds og vatns	

Landgræðsla	Græða upp ógróið land, t.d. sanda	
Búfé	Kindur, kýr, hestar	
Iðnir	duglegir	
Nauðsynlegt	Mikilvægt	

**Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Þegar landnámsmenn \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Menn og dýr \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Jarðvegseyðing \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hver er stærsti skógur landsins? \_\_\_\_\_

Nefndu 3 tegundir trjáa: \_\_\_\_\_

Hvernig er reynt að græða upp landið? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Bls. 24 – 25**

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Villtu	Lifa frjáls í náttúrunni	
Landspendýr	Spendýr á landi	
Svamla	Synda	
Síga í björg	Síga með sérstökum búnaði niður brött björg	
Friðaðar	Bannað að veiða	
Húsdýr	Tamið dýr sem menn hafa til gagns eða félagsskapar	
Sérstæð	Sérstök, einstök	



Hver eru helstu landspendýrin á Íslandi? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvaða dýr svamla í sjónum? \_\_\_\_\_

Hvaða fuglategundir eru friðaðar? \_\_\_\_\_

Hvaða dýr eru húsdýr? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvernig er íslenski hesturinn? \_\_\_\_\_

## Bls. 26 – 27

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Innanlands	Í landinu	
Áætlunarbíll	Rúta	
Þjóðvegir	Aðalvegur sem flestir fara	
Bundið slitlag	Vegklæðning, líkt og malbik	
Malarvegur	Vegur með möl – ekki malbiki	
Jarðgöng	Göng í gegnum fjöll eða undir sjó	
Brýr	Fleirtala af brú sem liggur yfir á eða gil eða sjó	
Fáfarin leið	Þar sem fáir fara	
Áætlunarflug	Flugferðir samkvæmt leiðaráætlun líkt og strætó.	
Þéttbýlisstaðir	Borgir, bæir, þorp, þar sem nokkuð margir búa.	
Ferja	Bátur sem siglir á milli staða samkvæmt leiðaráætlun og hægt er að fara með líkt og strætó.	
Snjóflóð	Stórt svæði af snjó sem fellur úr fjallshlíð	

Hvernig ferðast flestir innanlands? \_\_\_\_\_

**Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:**

Hringvegurinn \_\_\_\_\_

Daglegt \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Stundum falla \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Bls. 28 – 29

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Alþjóðaflugvöllur	Flugvöllur þar sem flogið er til annarra landa	
Erlendir	Útlendir, frá öðru landi	

### Finndu setningarnar í textanum og ljúktu við að skrifa:

Til að ferðast \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Margir erlendir \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Fiskurinn fer \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvar eru alþjóðaflugvöllurinn? \_\_\_\_\_

Hvaðan siglir ferjan? \_\_\_\_\_

Hvert siglir hún? \_\_\_\_\_

Hvar er mesta flutningahöfnin? \_\_\_\_\_

### Raðaðu þessum orðum í rétta setningu:

ferskum Með mikið fiski. er flutt af flugvélum út \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Bls. 30 – 31**

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Nágrenni	Rétt hjá, nálægt	
Sögustaður	Merkilegir atburðir hafa gerst þar	
Stöðuvatn	Stórt vatn sem stendur allt árið	
Þing	Þegar fólk kemur saman til að ræða ýmis mál og lög og reglur í landinu.	
Þjóðgarður	Friðlýst landsvæði sem sérstaka náttúru eða merka sögu sem nýtur sérstakrar verndar.	
Skinnhandrit	Sögur sem skrifaðar voru á kálfskinn	

Hvar býr 2/3 hlutar þjóðarinnar? \_\_\_\_\_

Hvað hét fyrsti landnámsmaðurinn og hvar bjó hann? \_\_\_\_\_

Hvaða staður er frægur sögustaður? \_\_\_\_\_

Hvaða ár var fyrst stofnað til þings á Þingvöllum? \_\_\_\_\_

Hvað er á heimsminjaskrá UNESCO? nefndu 3 \_\_\_\_\_

**Bls. 32**

	Skilgreining	Á þínu móðurmáli/ með þínum orðum
Þjónustustörf	Störf sem tengjast þjónustu við aðra	
Ferðaþjónusta	Störf sem tengjast ferðalögum	
Árlega	Á hverju ári	
Iðnaður	Störf sem tengjast framleiðslu	
Landbúnaður	Störf sem tengjast sveit og dýrarækt	
Sjávarútvegur	Störf sem tengjast fiskveiðum	
Útflutningur	Vörur sem Íslendingar selja til útlanda	

**Skrifaðu nokkrar línur um það sem þú ert búin/n að læra um Ísland:**

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

**Teiknaðu mynd sem passar við textann**

